

Umsögn um þingmál nr:771

Frumvarp þingmanns um Dánaraðstoð

Umsagnaraðili: Linda Kristjánsdóttir, heimilislæknir

Undirrituð styður heilshugar að frumvarp um dánaraðstoð verði að lögum og fagnar þessu frumvarpi. Ég hef starfað sem læknir í rúm 20 ár og sinnt hjúkrunarheimilum samhliða heilsugæslustörfum og á þeim tíma kynnst allt of mörgum einstaklingum, sem höfðu orð á því að vilja fá að kveðja með sæmd og ekki þurfa að ganga í gegn um þær hörmungar sem biðu þeirra. Það hefur verið sárt að horfa upp á það vitandi að aðrar þjóðir voru komnar lengra á veg en við á Íslandi og buðu sínum þegnum í sömu sporum að taka ákvörðun um sinn eigin dauðdaga.

Að sitja uppi með þá vitneskju að þú sért með ólæknandi sjúkdóm sem er öruggt að muni valda skerðingu á hugrænni getu, óbærilegum verkjum eða algjörum missi á sjálfsbjargargetu veldur miklu hugarangri og óttinn um hvernig lokastig sjúkdómsins verða, getur kastað skugga á þann tíma sem einstaklingurinn hefði getað nýtt til að njóta. Ef dánaraðstoð er heimil getur viðkomandi sjálfur ákveðið hvenær hann kveður og losað sig undan því að hræðast verki, vanlíðan og þjáningu sem annars væri fyrirséð.

Frumvarpið er vel unnið og þar kemur skýrt fram að um val einstaklingsins er að ræða, að hans eigin frumkvæði, fyrir eingöngu sjálfan sig. Skilyrðin eru skýr þ.e. a einstaklingur sé á þeim tíma fær um að taka ákvörðun og jafnframt að hann sé að glíma við ólæknandi sjúkdóm sem valdi ómeðhöndlanlegri og óbærilegri þjáningu.

Mikilvægt er að benda á að hér er um að ræða sjálfsforræði einstaklingsins yfir eigin líkama og rétt til að þiggja aðstoð við að enda líf sitt með reisn.

Má benda á að sjálfsforræði kvenna yfir eigin líkama var ein af ástæðum þess að gerð var breyting á lögum um þungunarrof, því mikilvægt þótti að tryggja og undirstrika þann rétt með því að heimila þungunarrof út 22.viku meðgöngu.

„Nefndin var einhuga um nauðsyn þess að gera breytingar á lögum nr. 25/1975 með það fyrir augum að tryggja og undirstrika réttinn til sjá.f.sforræðis kvenna yfir líkama sínum og rétt hvers einstaklings til þess að taka ákvörðun um barneignir. Þessi sjónarmið leggja grunninn að markmiði frumvarpsins um að tryggja að sjá.f.sforræði kvenna sé virt með öruggum aðgangi að heilbrigðisþjónustu fyrir þær konur sem óska eftir þungunarrf.“

Læknar undirrita siðareglur og þar er 1. meginreglan:

“Héfum mannvirðingu ávallt í fyrirrúmi, það er veiferð, mannhelgi og sjáfræði sjúklinga.”

Þannig ætti það ekki að þjótta gegn siðareglunum ef læknir aðstoðar skjólstaðing að velja það fyrir sjálfan sig að enda líf sitt án þjáninga þegar fyrirséð er að ekki er hægt að líkna og lækna.

Það er mín ósk að þetta frumvarp fái farsæla afgreiðslu frá þinginu en dagi ekki uppi við þinglok því það er gríðalega stórt framfaraskref og mikil mannréttindi sem eru hér til umfjöllunar,

Virðingarfyllst Linda Kristjánsdóttir